

| | | | |
|----------------|------------------|---------------|-----|
| Kennari | Haukur Eiríksson | Sk.st. | HEI |
|----------------|------------------|---------------|-----|

Áfangalýsing:

Í áfanganum eru tekin fyrir fjarskiptakerfi fyrir hærri tíðnir og fjallað um mismunandi stafrænar mótunar- og dreifingaraðferðir. Fjallað er um fjarskiptadreifikerfi þjónustuveitna og fjarskiptafyrirtækja á Íslandi. Fjallað er um fjarskiptalög og reglugerðir. Fjallað er um helstur burðarleiðar fjarskipta um landið og til og frá landinu. Kennd er notkun mælitækja til mælinga á boðskiptalögnum. Farið er í ljósleiðarakerfi og stærri dreifikerfi fjarskipta. Þá er fjallað um efnistöku, verðútreikninga, tilboðsgerð og úttektir er varðar fjarskiptalagnir og þjónustu.

Markmið:

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Fjarskiptakerfum fjarskiptafyrirtækja
- Fjarskiptalögum og reglugerðum
- Burðarleiðum fjarskipta um landið og til og frá landinu.
- Uppbyggingu farsímakerfa
- Uppbyggingu stafrænna fjarskiptakerfa
- Gervihnattamóttöku og meðferð slíkra merkja
- Dreifikerfum fyrir stafræn merki

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Greina bilanir í fjarskiptakerfum
- Gera úttektir á fjarskiptakerfum
- Reikna út verð efnis og vinnu við fjarskiptakerfi
- Nota fjarskiptalöggjöf tengt vinnu við fjarskiptakerfi
- Greina merki farsímakerfa
- Greina þarfir fyrirtækja
- Setja upp og tengja gervihnattadisk
- Mæla og greina stafræn og hliðræn merki

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Geta mælt og tekið út fjarskiptalagnir fyrirtækja
- Geta magntekið og áætlað vinnu við fjarskiptakerfi
- Geta greint merki hvort sem er á CAT kapli, ljósleiðara eða sammiðjukapli
- Geta mælt og greint merki farsímakerfa
- Geta skipulagt og ráðlagt um fjarskipti og boðskiptalagnir fyrirtækja
- Geta sett upp gervihnattadisk og stillt

